

Nettímarit

# Troðningur

13 tbl 2010 - Útgefandi: Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður

**Meðal efnis:**

List fyrir almenning ( Public art ), Þjóðsagan, Beitungur, Fuglaskoðun á Reykjanesi, Vissir þú, Listilegar heimasíður, - ofl

## Menning & List



“Blá gata”. Verkið hér á forsíðu er eftir listamanninn Henk Hofstra. Það var gert í bænum Drachten Hollandi. Bæjarbúar voru mjög ánægðir með þetta framtak sem þótti lífga upp á bæinn. Þessi hugmynd dró til sín fjöldann allan af ferðamönnum sem komu til að skoða bláu götuna. Verk þetta er ágætt dæmi um það hvernig borgir og bæir geta unnið með listamönnum til að auðga mannlíf og umhverfi.

ICELANDIC  
ART MAGAZINE

# “Public Art“

Public art.


Ekkert almennilegt orð er til á Íslensku yfir hugtakið sem hér er nefnt á ensku.

Umhverfislist eða orðið almenninglist ganga eiginlega ekki upp í hugtakið. En public art á við um verk sem eiga greiða leið eða eru aðgengileg fyrir almenning, hvar sem er. Þau í raun geta verið allstaðar þar sem opin svæði eru og eru ekki aðgreind sem sérstakt sýningarými. Verkin geta verið á byggingum en ekki í byggingum.

Í hinum stóra heimi listarinnar eru til ótal verk þannig þar sem listamenn vinna verk sín á æri mismunandi hátt. Allt frá risa stórum skúlptúrum í það að hekla eða þrjóna sokk utan um stöðumæli. Bandaríkjamenn og Ástralar eru stórtækir í þessu listformi, einnig eru í mörgum öðrum löndum mikið af verkum þar sem listamenn, fyrirtæki, bæjarfélög eða borgir taka höndum saman til að skapa skemmtilegt umhverfi fyrir almenning. Oft taka líka listamenn upp á sitt einsdæmi og gera verk sem falla inn í þennan ramma. Um tíma var það form mjög áberandi í íslensku myndlistarlífi. Og þá sérstaklega þegar svokallaðir “súmmarar” voru hvað mest áberandi. Oft féllu þannig verk undir hugtakið “happening” og því stóðu þau verk í stuttan tíma. Svo eru hin verkin sem ætluð eru til að standa til langframa, eru þau þá oftast gerð í samvinnu eins og áður var nefnt. Bæði formin eru ákaflega skemmtileg og eru til þess fallin að gleðja, vekja upp spurningar og gefa umhverfinu nýjan blæ eða einhverja unun til að njóta.

Á Akureyri er t.d veggur einn rekin sem nokkurskonar gallerí sem fallið getur undir hugtakið “public art”. Gafl hússins er notaður þar til síbreytilegra verka og er í alfaraleið fyrir almenning. Hugmyndin að veggnum er í raun frábær og örugglega skemmtileg tilbreytni við hversdagleikann og vekur almenning ábyggilega til umhugsunar um leið og hann er framlag listarinnar til almennings.

Án efa geta fyrirtæki, borgir bæir og sveitarfélög nýtt sér betur tengsl listamanna við umhverfi sitt á hverjum stað. Sú staðreynd að framlag listamanna er undantekningarlaust atvinnuskapandi út í hina ýmsu geira atvinnulífsins ætti því að vera meir gaumur gefinn en í raun er. Því miður er almennt enn á Íslandi litið á list og listamenn sem leikendur en ekki sem faglega og menntaða starfsstétt.





“Device to Root out Evil” eftir Dennis Oppenheim við Harbour Green Park, Coal Harbour, í Vancouver.



Verkið “Engillinn” í Newcastle í Englandi. Verk þetta er tákn borgarinnar og dregur að sér gríðarlega athygli. Sagt er að allir sem heimsæki borgina leggi leið sína að verkinu.




# Myndir af verkum sem falla undir hugtakið “Public art”






Hér eru nokkrar myndir af ýmsum verkum sem falla undir “public art” hugmyndina. Troðningur leggur ekkert mat á hvað séu góð eða slæm verk. Aðalatriðið fyrir Troðning er að hér er um skemtilegt innslag listarinnar til að auðga mannlífið og gleðja augað hvar og hvernig sem verkin eru.





## Beitukóngur / Buccinum undatum

Litur beitukóngr er breytilegur getur verið hvítur, gulur, brúnn eða jafnvel rauðleitur. Beitukóngur er algengur um allt Norður-Atlantshaf, allt frá Svalbarða og suður til Frakklands. Hann finnst allt í kringum Ísland, allt frá neðri hluta fjörunnar og niður á 1200 m dýpi. Þó er hann algengastur á innan við 50 m dýpi. Þegar beitukóngur hrygnir, fara eggin í gegnum egghulsturskirtil en þar myndast hjúpur um eggin svo kallað egghulstur. Kvendýrið límir mörg egghulstur saman í klasa, á hart undirlag á botni. Þessir klasar geta verið að 30 cm í þvermál. Stundum hrygna fleiri en eitt kvendýr í sama klasa.



## Það er ekkert mál að vera listamaður !

Að undanfögnu hafa verið bornar á borð í fréttum nokkuð magnaðar fréttir af því hversu auðvelt það er að gerast og vera listamaður. Fréttirnar hafa gengið út á það að þú sækir bara námskeið í svona ca. 10 til 20 tíma hjá einhverjum sem kann og getur haldið á pensli, þekkir muninn á gulum lit og rauðum, og ekki verra ef viðkomandi veit að ekki er hægt að þynna olíuliti með vatni, en það er kannski algjört aukaatriði. Troðningur hefur mikinn áhuga á læknisfræði. Því hefur Troðningur ákveðið að halda 6 kvöldna námskeið í heilaskurðlækningum. Með því vill Troðningur gefa fólki kost á því að uppgötva lækninn í sér og hugsanlega skapa sér vinnu við heilaskurðlækningu.

## AUGLÝSING !

**Námskeið í heilaskurðlækningum verður haldið í mars 2010.**

Finndu lækninn í sjálfum þér !

Haldið verður 6 kvöldna námskeið í heilaskurðlækningum í bílskúrnum heima hjá mér. Farið verður yfir grunn þekkingu á tólum og tækjum sem nota þarf við uppskurði á heila. Nokkur grunn atriði sem vert er að hafa í huga þegar greina þarf sjúkling. Einnig veður aðeins talað um helstu meðul sem á boðstólnum eru, s.b verkjalyf (magnill og þess háttar lyf).

Farið verður einnig yfir áætlunargerð og markaðssetningu heilaskurðlækninga og hönnun á skurðstofu. Hvert kvöld er í ca. 1 1/2 tíma. Eftir námskeiðið eiga nemendur að hafa nokkur tók á heilaskurði og gætu því hafið störf eða leiðbeiningar við heilaskurð. Námskeiðið er frítt og stendur öllum til boða.

**Skráning hjá: [heili@heili.org](mailto:heili@heili.org)**



Þegar Jón Daníelsson kom að Stóru-Vogum var þar mjög reimt og stóð svo á því að bóndi sá sem þar hafði búið á undan honum hafði einu sinni úthýst manni í misjöfnu veðri, köldum og að líkindum svöngum líka.

Þessi maður ætlaði þá, þegar hann fékk ekki inni í Vogum að fara út í Njarðvíkur yfir Vogastapa og leita þar fyrir

sér. En um morguninn eftir fannst hann dauður á Stapa nærri Grímshól; var hann borinn heim að bæ þeim sem honum var úthýst frá kvöldinu áður. Þegar komið var með hann í hlaðið brá bónda svo við að það leið yfir hann; sumir segja að hann hafi orðið á sömu stund bráðkvaddur, en hinir að hann hafi raknað við aftur úr öngvitinu, en aldrei orðið jafngóður og þetta hafi dregið hann til dauða.

Þegar búið var að grafa þann sem úti varð fór þegar að bera á reimleika í Vogum hjá bónda og batnaði ekki hót við það að hann dó. Menn eignuðu það því að sá sem úti hafði orðið vildi hefna sín fyrir það að honum hefði verið vísað á bug úr Vogum og orðið svo úti. Þegar Jón kom að Vogum hélzt reimleikinn enn við þó allt fólk væri þaðan farið sem þar hafði verið þegar manningnum var úthýst. Varð Sigríði konu Jóns einna mest mein að því og ásótti þetta hana með svefnóværd mikilli því ekki hafði hún fyrri fest blund á kvöldin í rúminu fyrir ofan mann sinn en hún fór að láta illa í svefninum.

Fyrst í stað vakti Jón hana, en jafnskjótt sem hún blundaði aftur kom að henni sama óværdin. Aldrei kom þetta fram við Jón sjálfan, en ekki var lengi áður honum leiddist þessi áleitni. Eitt kvöld þegar Jón heyrir að fer að korra í konu sinni rýkur hann á fætur aftur og fer ofan og tekur sax í hönd sér og segir ef djöfull sá láti sig ekki í náðum og alla sína skuli hann reka í hann sveðjuna og vísar honum til fjandans.

Eftir það hætti reimleikum hjá Jóni. En þegar reimleikinn hvarf frá Vogum fór hann að gjöra vart við sig í Tjarnarkoti í Vogahverfinu og var það þó ekki af því að þar væru heldur neinir niðjar þess er hafði úthýst manningnum.

Sótti draugurinn einkum á bóndann þar og það svo að hann varð gjörsamlega óður eina nótt. Var þá sent heim að Vogum eftir Jóni því Vogamenn leituðu jafnan liðs

hjá honum í flestu sem þeir við þurftu og kom hann vonum bráðar.

En þegar bóndinn í Tjarnarkoti sá hann var hann svo óður að hann sagðist ekki hræðast neinn nema andskotann hann Jón Daníelsson. Gekk þá Jón að manningnum og segist þá munu neyta þess að hann sé hræddur við sig og skipar hinum óhreina anda út úr manningnum með mikilli alvörugefni. En svo brá við það að maðurinn fékk þá værd og datt í dá.

En Jón fór þegar út; fylgdi hann hinum óhreina anda burt frá bænum í Tjarnarkoti og þangað sem nú er búið sú í Vogum sem heitir Tuðra. Þar kom hann honum fyrir og bað hann sökkva þar niður til hins neðsta og versta helvítis þaðan sem hann væri kominn og gjöra aldrei frammar mein af sér í Vogum. Við þessi ummæli Jóns hvarf reimleikinn þegar svo hvorki bóndanum í Tjarnarkoti né neinum öðrum varð eftir það meint við hann. En þó hefur þótt örla á því oft að ekki væri allt hreint í Tuðru.

JÓN ÁRNASON I 378

## Vissir þú að ?

\* ...**Að Eldvörp** á Reykjanesi urðu til í eldgosum á árunum 1220-1230 þar er jarðhiti og útilegumennahellir þar sem í eru hleðslur til brauðgerðar.

\*... **Að Fræðasetrið** í Sandgerði er umhverfistengt sýnasafn. Þar er hægt að finna sýni frá rannsóknastöðinni í Sandgerði, botndýr sem hvergi er annars staðar að finna, lifandi dýr í sjóbúrum, uppstoppaða fugla og fl. Allt innan dyra Fræðasetursins vísar til umhverfis þess utan dyra og sögu staðarins.

\* ...**Að stærsta** hænsnabú á landinu er í Vatnsleysustrandarhreppi.

*Fróðleikur fengin af vef leiðsögumanna á Suðurnesjum.*  
<http://www.reykjanesguide.is>





24. September. 2009

Listamaðurinn Todd McGrain sækist eftir því að koma fyrir listaverki tileiknuðu geirfuglinum í fjörunni neðan við Valahnjúk á Reykjanesi. Formlegt erindi þess efnis hefur borist Menningarráði Reykjanesbæjar sem hefur samþykkt staðsetningu verksins fyrir sitt leyti.

Styttan af geirfuglinum er hluti af stærra verkefni listamannsins sem kallast „Lost Bird Project“ og er tileiknað fimm útdauðum fuglategundum. McGrain hefur gert fimm skúlptúra af fuglum, einn fyrir hverja tegund. Hann hefur unnið að verkefninu undanfarin fimm ár.

**Troðningur** rakst á gamla frétt í VF, þar sem sagt er frá hugmynd listamannsins Todd McGrain að verki í fjörunni neðan við Valahnjúk á Reykjanesi. Fréttir er eftirfarandi;

Listamaður heiðrar minningu geirfuglsins

*Þann 3. júní 1844, voru tveir síðustu geirfuglanir í heiminum drepnir á syllu í Eldey, suðvestur af Reykjanesi. Um 80 uppstoppaðir geirfuglar hafa varðveist til dagsins í dag og er einn þeirra á Náttúrúfræðistofnun Íslands.*

Troðningur kannaði hvort verk þetta hefði verið sett upp og virðist ekki vera svo. Todd McGrain er greinilega mikill áhugamaður um fugla og þá sérstaklega þeirra sem eru útdauðir eða eru á mörkum þess.

Hægt er að fræðast um Todd McGrain á heimasíðunni: <http://birdchaser.blogspot.com/2010/01/lost-bird-project.html>



## Fuglaskoðun við Reykjanesið.



Reykjanesið er einn albesti staður landsins til fuglaskoðunar. Margir frábærir staðir eru um allt nesið þar sem hægt er að komast í nálægð fuglalífsins. Vorið er einstakur tími fyrir áhugafólk um fugla, til að skoða og mynda. Þá sækja hingað heimakærir fuglar, sem og öðruhverju flækjast hingað fuglar sem að venju ekki setjast hér að.

Þykir það ávalt fengur fuglaskoðendans að verða vitni að flækjum.

Við Garðskagavita er búið að setja upp frábært skilti með fuglum sem árlega sækja fjörur í námunda við vitann eða á öllu því svæði. Frá Sandgerði að Garði. Þar má oft á vorin sjá fjöldann allan af innlendum og erlendum áhugamönnum munda kíkjana sína og myndavélar. Ekki spillir það fyrir að útsýnið frá

vitnum er einstakt að Snæfellsjökli og birtan þar eitt rómantískt ævintýri. Rétt við Garðskagavitann er einnig búið að koma upp mjög áhugaverðu safni með fyrirmyndar veitingaaðstöðu fyrir ferðafólk á svæðið. Troðningur lætur hér mynd fylgja með af Flatnefjum sem náðist mynd af. Þeir sem áhuga hafa á fuglum ættu ekki að láta það kyrrt liggja að heimsækja þetta magnaða svæði sem Reykjanesið er til fuglaskoðunar. Það sem til þarf er kíkir, góður klæðnaður og þolinmæði.

*Yann Kolbeinsson náði myndum af flatnefunum í Sandgerði 2008. Báðir fuglarnir sýna bleikleitt nef og svart í handflugfjöðrum og eru því ungar frá liðnu sumri. Hér má sjá fuglana sitjandi undir grjótgardi sunnan við Sandgerðisleiru.*















# Myndir af verkum sem falla undir hugtakið "Public art"



# Listilegar heimasíður

**VeggVerk**  
veggverk.org

-  [Asbjörns S. Eysteinsdóttir: Tvíhúsið er undir bæði](#)
-  [Agnarín Steinarsson: Rauð teiþúgur](#)
-  [Marcel Dix Sigurðsson: Absorbism](#)
-  [Listhöfundurdeild Mýndlistaskólans: Styrkur](#)
-  [Egertein Ólafsson, Steini Reicin: Dignity/Wörld](#)
-  [Ólafur Guðmundsson: Íbúðir, farða heimil](#)
-  [Eiríkur Korcuþy: Landlín](#)
-  [Sara Piel: All Hail the Brain](#)
-  [Sigrún M. Ólafsdóttir: Hæfni Nírnú](#)
-  [Þórunn Elíndal: Ský](#)
-  [Feguristadeild Mýndlistaskólans: F U E A H A](#)
-  [Dagrún Matthíasdóttir: Lífið er eðlilegur](#)
-  [Kerun Dóla Kristinsdóttir: Nón sjónuðum](#)



<http://www.veggverk.org/> - Gallerí VeggVerk á Akureyri / Mjög áhugavert að skoða. Athyglisvert framtak á Akureyri, sem fleiri bæjarfélög mættu taka til fyrirmyndar.

## Kling & Bang gallerí

**núverandi sýning**  
JABARSÝN - PERIPHERAL VISION

**væntanlegar sýningar**  
Álagafjötrar - Garden of enchantment  
Hekla Dögg Jónsdóttir  
111 - Maria Dembek & Robin McAulay  
Arnfinnur Amazeen  
Titill síðar-Title later  
Ragnar Jónasson & Tómas Lemarquis  
TO BE ANNOUNCED  
TO BE ANNOUNCED

**listamenn**

**sýningarrými**  
Kling&Bang

**eldri sýningar**  
2010  
2009  
2008  
2007  
2006  
2005

**islenska**  
**english**

**Bjargey Ólafsdóttir, Guðný Rósa Ingimarsdóttir, Haraldur Jónsson,**

<http://this.is/klingogbang/> - Nútímalist á Íslandi

Nettímarit

13. tbl. 2010

# Troðningur



[www.1og8.com](http://www.1og8.com)